

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Sigurlaugar Ólafsdóttur frá Litluhlíð í Lýtingsstaðahreppi í Skagafjarðarsýslu, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 25. ágúst 1971.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Sigurlaugar Ólafsdóttur frá Litluhlíð
í Lýtingsstaðahreppi í Skagafjarðarsýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Sigurlaugar Ólafsdóttur frá Litluhlíð í Lýtingsstaðahreppi í Skagafjarðarsýslu.

Sjóðurinn er stofnaður af Sveini Stefánssyni frá Tunguhálsi í Lýtingsstaðahreppi til minningar um móður hans Sigurlaugu Ólafsdóttur, sem var fædd 19. febrúar 1851 og andaðist 1. marz 1939.

Heimili og varnarþing sjóðsins skal vera að þingstað Lýtingsstaðahrepps.

2. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er kr. 25 000.00 — tuttugu og fimm þúsund krónur —, í hlutabréfum í hf. Eimskipafélagi Íslands, og má aldrei skerða höfuðstólinn.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátækar, heilsulitlar eða barnmargar ekkjur í Lýtingsstaðahreppi, og skal til þess verja vaxtatekjum sjóðsins.

Komi til þess, að sjóðsstjórnin telur eigi ástæðu til að úthluta styrk úr sjóðnum, skal vöxtum varið til kaupa á hlutabréfum í hf. Eimskipafélagi Íslands.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa þrír menn: Oddviti Lýtingsstaðahrepps, fátækrafulltrúi hreppsins og bóndinn á Daufá. Verði sveitarstjóri settur í hreppinn, tekur hann sæti oddvita í stjórninni.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skulu reikningar árlega samdir af stjórn sjóðsins fyrir lok marzmánaðar ár hvert.

Reikningarnir skulu endurskoðaðir af endurskoðendum sveitarsjóðsreikninga Lýtingsstaðahrepps.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

REGLUGERÐ

um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutninga í Austur-Húnavatnssýslu.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til félagssvæðis Vörubifreiðastjórafélagsins Neista, en það nær yfir Austur-Húnavatnssýslu.

2. gr.

Fjöldi leigubifreiða til vöruflutninga á svæðinu takmarkast við hámarkstöluna 20, sbr. þó 8. gr. laga nr. 36 frá 9. maí 1970. Þessa tölu má endurskoða á tveggja ára fresti. Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Vörubifreiðastjórafélagsins Neista, sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu og samtaka vinnuveitenda á svæðinu, ef fyrir hendi eru.

3. gr.

Tvisvar á ári, þ. e. í aprilmánuði og októbermánuði, veitir Vörubifreiðastjórafélagið Neisti viðlöku nýjum umsóknum um félagsréttindi manna, er eiga vörubifreið og vilja stunda leiguakstur til vöruflutninga. Skal þá, ef fjöldi leigubifreiða innan félagsins er kominn niður fyrir töluna 20, bæta við þeim fjölda er nægir til þess að ná hámarkstölunni. Gildar umsóknir skulu teknar til greina aðallega eftir biðtímalengd og tímaröð, en án tillits til þess hvar á félagssvæðinu umsækjendur eru búsettir, unz framangreindu marki er náð.

4. gr.

Reglugerð þessi tekur eigi til sendiferðabifreiða. Enn fremur tekur reglugerðin ekki til vörubifreiða, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 36 frá 9. maí 1970 um leigubifreiðar, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 3. september 1971.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 14 28. febrúar 1962, um breytingu á reglum um eftirlit með skipum og öryggi þeirra, nr. 11 20. janúar 1953.

1. gr.

Á eftir 150. gr., um búnað gúmmibáta, komi 3 nýjar greinar, og breytist röð eftirfarandi greina í samræmi við það, þannig:

151. gr.

Varmapokar.

Gúmmibátar fiskiskipa skulu búnir varmapokum fyrir sama fjölda manna og þeim er ætlað að rúma.

Skulu pokarnir vera af viðurkenndri gerð.

152. gr.

Handrið á stýrishúsum.

Séu gúmmíbjörgunarbatar geymdir á þaki stýrishúss, skal á því vera handrið, ef við verður komið, 80 cm hátt að minnsta kosti. Á bátum, sem eru minni en